7 RÉTTA
SMAKKSEÐILL
PUBLIC HOUSE
GASTROPUB

FLATEY PIZZA NAPOLETANA

Aðsendar greinar

samfélagsmál

Algjört frumkvöðlastarf í málefnum fólks með geðraskanir fagnar 20 árum á Íslandi

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir skrifar um Klúbbinn Geysi sem á stórafmæli í dag.

Deila
Post
Styrkja

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir

6. september 2019

Í dag fagnar Klúbburinn Geysir 20 ára starfsafmæli á Íslandi. Klúbburinn er hluti af - Fountain House hreyfingunni, sem rekur upphaf sitt til Bandaríkjanna á fimmta áratug síðustu aldar.

Tilgangur hreyfingarinnar er skilgreindur í gæðastöðlum hreyfingarinnar en hann er sá að „hjálpa fólki sem á við geðræn veikindi að stríða til að að ná markmiðum sínum sem varða félagslíf, fjárhag, menntun og atvinnu”.

Grunn forsenda hugmyndafræðinnar er sú trú að allir hafi getu til að ná nægilega miklum tökum á áhrifum þeirra geðraskana sem þeir glíma við, til að lifa góðu lífi.

Fountain House hreyfingin byrjaði sem grasrótarhreyfing í New York þegar hópur fólks sem kynntist á geðdeild ákvað að viðhalda því samfélagi sem myndast hafði eftir útskrift og styðja hvert annað í þeim áskorunum sem líf utan spítalans færði þeim. Árið 1948 náði félagsskapurinn, með aðstoð stuðningsaðila, að festa kaup á húsi undir starfsemina. Stuðningsaðilar tryggðu félaginu einnig fjármagn til að geta ráðið einn starfsmann.

Fountain House var svar við starfsháttum sem virkuðu ekki

Áður en lengra er haldið er mikilvægt að geta þess að fyrir miðja síðustu öld var sú hugmynd ráðandi að fólk með geðsjúkdóma hefði ekki gott af því að búa í þéttbýli. Betra væri að því væri komið fyrir á rólegum stað úti á landi. Fólk var því tekið úr samfélaginu og flutt á stofnanir úti í sveit þar sem það dvaldi langtímum saman og missti smám saman niður þá færni sem það hafði haft til að taka þátt í verkefnum sem tilheyra daglegu lífi og starfi.

AUGLÝSING

Fountain House hreyfingin var svar við þessum starfsháttum, sem byggðu ekki á vísindalegum grunni heldur á hefð sem virkaði ekki. Hreyfingin hefur talað fyrir því í áratugi að opinber stefna í geðheilbrigðismálum taki mið af því sem sýnt hafi verið fram á, með áþreifanlegum vísindalegum gögnum, að valdefli fólk og geri því kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Vegna áherslu á gagnreynda starfshætti hefur - Fountain House hreyfingin verið í áralöngu samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og módelið er í sífelldri þróun miðað við bestu þekkingu vísindanna hverju sinni.

Vinnumiðaður dagur

Árið 1955 byrjaði félagsráðgjafinn John Beard að vinna í klúbbnum. Hann virkjaði atvinnulausa félaga til að vinna með honum að því að gera upp hús félagsins. Vinnan veitti félögum hlutverk og tilgang. Þannig kviknaði hugmyndin um gildi vinnumiðaðs dags. Í dag er starfsemi klúbbhúsa um allan heim byggð upp sem vinnumiðaður dagur.

Árið 2012 birtust niðurstöður rannsóknar Schonebaum og Boyd um áhrif þess, fyrir fólk sem hefur veikst af geðsjúkdómi og hefur þurft að leggjast inn á sjúkrahús, að taka þátt í vinnumiðuðum degi áður en það fer út á almennan vinnumarkað á ný. Niðurstaða rannsóknarinnar var sú að þeir sem tóku þátt í vinnumiðuðum degi áður, entust lengur í vinnu en þeir sem reyndu að fara beint út á vinnumarkaðinn.

Út í samfélagið á ný

Í dag er einn af lykilþáttunum klúbbhúsa að styðja félagsmenn sem vilja vinna á almennum vinnumarkaði eða að sækja sér menntun. En vegna þess að atvinnurekendur eru oft tregir til að ráða fólk til starfa sem á sögu um geðsjúkdóma, vegna ótta við veikindaforföll, samdi Fountain House hreyfingin viðmiðunarreglur árið 1958 í kringum hugmynd sem vaknaði og kölluð er Ráðning Til Reynslu (RTR).

Hugmyndin var sú að finna leiðir til að fólk með geðraskanir fái tækifæri til að spreyta sig á vinnumarkaði, með því að taka að sér hlutastörf í 9-12 mánuði. Starfsmaður í klúbbnum setur sig þá vel inn í starfið og þjálfar áhugasaman félaga til að sinna því. Á meðan á reynslutímanum stendur styður starfsmaður klúbbsins bæði félagann og vinnuveitandann með ráðum og dáð. Ef félagi getur af einhverjum ástæðum ekki mætt til vinnu er klúbburinn ábyrgur og útvegar starfskraft sem leysir hann af. Annað hvort starfsmaður eða annar félagi hleypur þá í skarðið. Vinnuveitandinn þarf því ekki að óttast forföll heldur er honum tryggt 100% vinnuframlag. Þetta fyrirkomulag hefur verið notað víðs vegar um heim og mælst afar vel fyrir, bæði meðal félagsmanna og atvinnurekenda.

Fyrsti félaginn sem fékk starf í gegnum Klúbbinn Geysi var Marteinn Már Hafsteinsson. Hann fékk vinnu í október árið 1999. Eftir reynslutímann fékk hann fast starf hjá fyrirtækinu sem hann gegnir enn. Lesa má um sögu Marteins Más og fleiri félaga í Klúbbnum Geysi í bók sem kemur út fyrir jólin. Bókin er unnin af höfundi þessarar greinar í samstarfi við Klúbbinn Geysi og auglýsingastofuna Hvíta húsið.

Hilton mannúðarverðlaunin

Árið 2014 hlaut Fountain House og Alþjóðasamtök klúbbhúsa (Clubhouse International), Hilton mannúðarverðlaunin sem eru ein merkustu mannúðarverðlaun heims. Þau eru veitt árlega til félagasamtaka sem starfa án hagnaðarsjónarmiða og hafa sýnt einstakan árangur í starfi sínu við að draga úr þjáningum fólks.

Hreyfingin berst til Íslands

Iðjuþjálfarnir Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Anna Guðrún Arnardóttir, sem unnu saman á Kleppsspítala, komu með hugmyndafræðina hingað til lands, eftir að hafa orðið vitni að því að það var ekkert sem tók við, til að brúa bilið milli spítalavistar og samfélagsins. Eina úrræðið var að leggja fólk aftur inn á spítala, þar sem færni fólks til að taka þátt í daglegu lífi og störfum hélt áfram að minnka.

Klúbburinn Geysir hlýtur viðurkenningu fagaðila og samfélagsverðlaun

Strax á fyrstu árum Klúbbsins Geysis fóru læknar og endurhæfingaraðilar að benda skjólstæðingum sínum á klúbbinn en það eru mikil meðmæli með starfseminni. Starf klúbbsins hefur haldið áfram að eflst og þróast og starfsmönnum hefur fjölgað í takti við aukin umsvif, fjölgun félaga og fjölgun starfa í verkefninu Ráðning Til Reynslu.

Árið 2014 hlaut Klúbburinn Geysir Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, eftir að hafa verið valinn úr hópi á fjórða hundrað tilnefninga.

Allir þeir sem eru að glíma við geðraskanir eða hafa sögu um slíkar raskanir eru velkomnir í Klúbbinn Geysi. Engin félagsgjöld eru í klúbbnum.

Höfundur er að skrifa bók um Klúbbinn Geysi.

Við þurfum á þínu framlagi að halda

Þú getur tekið beinan þátt í að halda úti öflugum fjölmiðli.

Við sem vinnum á ritstjórn Kjarnans viljum hvetja þig til að vera með okkur í liði og leggja okkar góða fjölmiðli til mánaðarlegt framlag svo við getum haldið áfram að vinna fyrir lesendur, fyrir fólkið í landinu.

Kjarninn varð níu ára í sumar. Þegar hann hóf að taka við frjálsum framlögum þá varð slagorðið „Frjáls fjölmiðill fyrir andvirði kaffibolla“ til og lesendur voru hvattir til að leggja fram í það minnsta upphæð eins kaffibolla á mánuði.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim níu árum sem Kjarninn hefur lifað. Í huga okkar á Kjarnanum hefur þörfin fyrir fjölmiðla sem veita raunverulegt aðhald og taka hlutverk sitt alvarlega aukist til muna.

Við trúum því að Kjarninn skipti máli fyrir samfélagið.

Við trúum því að sjálfstæð og vönduð blaðamennska skipti máli.

Ef þú trúir því sama þá endilega hugsaðu hvort Kjarninn er ekki allavega nokkurra kaffibolla virði á mánuði.

Vertu með okkur í liði. Þitt framlag skiptir máli.



Ritstjórn Kjarnans: Sunna Ósk Logadóttir, Þórður Snær Júlíusson, Erla María Markúsdóttir, Arnar Þór Ingólfsson, Eyrún Magnúsdóttir og Grétar Þór Sigurðsson.

Já takk, ég vil styrkja Kjarnann!

Færslan birtist fyrst: *6. september 2019, kl. 8:30*

Orðafjöldi: 1010

Styrkja Deila Post

AUGLÝSING

Ford
GLÆNÝR
FJÓRHJÓLADRIFINN
FORD EXPLORER
RAFMAGNSJEPPI
KOMINN Í SÝNINGARSALINN!
brimborg
SMELLTU

Vinsælast í dag

1. Fimm ráð til að verjast lúsmýi og fimm ráð við bitum
2. Skattfrjálsar úttektir lífeyris í Portúgal leiddu til skoðunar ráðuneytis
3. Konungleg langtímafýla
4. „Nýja snjóhengjan“: Hundruð milljarða skuldir færast senn af sögulega lágum vöxtum
5. Efast um gildi aldurstakmarks og þungra refsinga við ölvun á rafskútum
6. Hagnaður sjávarútvegs þrefaldaðist milli ára en afkoma tæknifyrirtækja breyttist lítið
7. Svandís boðar frumvarp um tengda aðila í sjávarútvegi á næsta ári


„Lögreglan í Reykjavík lýsir eftir Einari Starra Ólafssyni, sjö ára.“
RAGNHEIÐUR GESTSDÓTTIR
TÝNDUR
BLIND
FARANGUR
NÝJASTI KRIMMI RAGNHEIÐAR GESTSDÓTTUR
Björt

Þessu tengt…

Guðrún Johnsen Hvernig má nýta helming mannauðs með skilvirkari hætti?



Möguleg ljós- og lyktmengun af nýju landeldi við Þorlákshöfn þurfi nánari skoðun

Búast við lýðheilsulegum ávinningi af Borgarlínu

Nýjast í skoðun



Þorbjörn Guðmundsson Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?

Takk fyrir og sjáumst á nýjum miðli á föstudag



Sverrir Albertsson Vatn á myllu kölska

Kjarninn

Þorbjörn Guðmundsson

Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?

Kjarninn 11. janúar 2023



Takk fyrir og sjáumst á nýjum miðli á föstudag

Bréf frá ritstjóra Kjarnans vegna sameiningar við Stundina og þess að nýr framsækinn fréttamiðill verður til í lok viku.

Kjarninn 11. janúar 2023

Sverrir Albertsson

Vatn á myllu kölska

Kjarninn 11. janúar 2023

Berjast fyrir þorpi á barmi hengiflugs

Lítið þorp í Rínarlöndum Þýskalands er allt komið í eigu kolarisa. Fyrirtækið ætlar sér að mylja niður húsin og stækka kolanámu sína sem þegar þekur um 80 ferkílómetra. Þetta þykir mörgum skjóta skökku við í heimi sem berst við loftslagsbreytingar.

Kjarninn 10. janúar 2023

Útvarp Saga telur fjölmiðlastyrki skapa tortryggni og bjóða upp á frændhygli

Fjögur fjölmiðlafyrirtæki hafa til þessa skilað inn umsögnum um frumvarp Lilju Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra, sem mun að óbreyttu framlengja núverandi styrkjakerfi til fjölmiðla.

Kjarninn 10. janúar 2023

Viðræðum slitið og Efling undirbýr verkfallsaðgerðir

Samtök atvinnulífsins hafa hafnað gagntilboði Eflingar um skammtímakjarasamning, sem kvað á um meiri launahækkanir en SA hefur samið um við aðra hópa á almennum vinnumarkaði til þessa. Efling undirbýr nú verkfallsaðgerðir.

Kjarninn 10. janúar 2023

Fánabann og refsiaðgerðir í Palestínu í kjölfar niðurstöðu Sameinuðu þjóðanna

Degi eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum í Ísrael samþykkti allsherjarþing Sþ að fela Alþjóðadómstólnum í Haag að meta lögmæti hernáms Ísraelsríkis á Vesturbakkanum. Síðan þá hefur stjórnin gripið til refsiaðgerða og nú síðast fánabanns.

Kjarninn 10. janúar 2023



Vilja sjúga sand af hafsbotni í stórum stíl og flytja út

Eftirspurn eftir íslenskum jarðefnum er gríðarleg ef marka má framkomin áform erlendra stórfyrirtækja um nýtingu þeirra. Vinsældir hafnarinnar í Þorlákshöfn eru samhliða mjög miklar.

Kjarninn 10. janúar 2023

FLEIRI FÆRSLUR

Morgunpósturinn Ekki missa af neinu

Nánar

tölvupóstfangið þitt

Senda

Meira úr sama flokki Aðsendar greinar

Allar greinar

Þorbjörn Guðmundsson
Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?



Sverrir Albertsson
Vatn á myllu kölska



Borghildur Sölvey Sturludóttir
Þegar það snjóaði inn um anddyri Íslands

Meira handa þér frá Kjarnanum

Vísbending
Vikurit um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun handa þér.

Vertu með
Styrktu sjálfstæðan íslenskan fjölmiðil með mánaðarlegu framlagi.

Morgunpósturinn
Morgunpósturinn er fyrir alla sem hafa áhuga á fréttum og þjóðfélagsumræðu. Pósturinn berst alla morgna!

Newsletters
Get the latest on Icelandic politics, business and economics in your inbox

Allur réttur áskilinn © Kjarninn miðlar ehf. 2015